



Skólalæping Seyðisfjarðarskóla 2017

Fjórdá skólalæping Seyðisfjarðarskóla var haldið þriðjudaginn 31. október 2017 í Herðubreið. Skólalæpingið er samkoma þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk, auk annarra Seyðfirðinga sem hafa áhuga á skólalæpingu, koma saman og ræða málefni sem eru mikilvæg fyrir skólann og þróun hans. Starfsfólk allra deilda Seyðisfjarðarskóla var boðað á þingið ásamt foreldrum og nemendum frá 6. bekk og eldri. Þeir nemendur sem mættu á þingið fengu síðan frí í tvær kennslustundir daginn eftir. Þingið var auglýst með því að senda tölvupóst á öll heimili nemenda, á heimsíðu skólans, heimasíðu kaupstaðarins, sagt frá því á facebook síðu skólans og bekkja/deilda. Eins á fundum deilda meðal starfsfólks. Skólalæpingin ásamt aðstoðarskólalæpingum komu sér saman um málefni, eftir umræður í nemendaráði, skólalæpingu og eftirgrensulan hjá starfsfólki. Gengið var út frá því að þingið væri að stórum hluta tileinkað leikskólalæpingu. Tilgangur þingsins er að umræðuefni leiði af sér þróun skólalæpingarinnar í leikskólalæpingu ásamt öllu starfi skólans. Leikskólalæpingin tók að sér undirbúning þingsins með stuðning frá öðrum innan skólans. Lagðar voru fyrir sjö punktar til umræðu í hópum en niðurstöður hópanna eru ræddar meðal stjórnenda og verða hluti af áætlunum.

Dagskráin var eftirfarandi:

Kl. 17:30 **Setning.** *Ásta Guðrún Birgisdóttir, aðstoðarleikskólalæpingu leikskólalæpingar*

Kl. 17:40 **Erindi** *flutt af Sigríði Herdísi Pálsdóttur, leikskólalæpingu leikskólans Tjarnarskógar, Fljótsdagshéraði. Um ánægju í leik og starfi.*

Kl. 18:00 **Umræðuhópar.** Til umræðu verða eftirtaldar spurningar:

1. **Heilsuefandi skóli**

Hvernig fléttast hreyfing, líðan og samskipti saman í daglegu starfi Seyðisfjarðarskóla.

- Hvernig má bæta þætti?
- Með hvaða hætti tengjast þeir sameiningu Seyðisfjarðarskóla?

2. **Bókasafn**

- Hvaða þjónustu viljum við að bókasafnið veiti?
- Hverju þarf að huga að og hvað ber að varast?
- Komið með hugmyndir af því hvernig er hægt að þróa samstarf bókasafnsins við leik- grunn- og listalæpingu Seyðisfjarðarskóla?

3. **Leikskólalæpingin**

Hverjir eru styrkleikar og veikleikar leikskólalæpingarinnar?

4. **Leikskólalæpingin**

Hvernig er hægt að bæta lóð leikskólalæpingarinnar? Skoða út frá umhverfis og náttúruvernd, sjálfbærni og þörfum nemenda?



5. Námsörvandi umhverfi

Hvernig er hægt að bæta námsörvandi umhverfi allra deilda Seyðisfjarðarskóla? Hugmyndir að sameiginlegum þáttum á öllum deildum skólans.

6. Sjálfbærni

Hvernig getur Seyðisfjarðarskóli orðið sjálfbærari?

7. Tenging við nærsamfélagið

Hvaða leiðir eru bestar til að koma á fastmótuðum samskiptum við nærsamfélagið?

Kl. 19:00 **Matur, súpa og brauð í boði skólans.**

Kl. 19: 20 **Niðurstöður, fulltrúar úr hópunum kynna niðurstöður hvers hóps.**

Kl. 19:55 Samantekt og þingslit.

Hér fer á eftir samantekt umræðuhópanna:

Heilsueflandi skóli

- *Hvernig fléttast hreyfing, líðan og samskipti saman í daglegu starfi Seyðisfjarðarskóla.*
 - Tökum þátt í göngum í skólann í sept –okt, leggur grunninn að göngu allan veturinn
 - Í janúar og eða febrúar hreyfing fyrir alla, allir skrá hjá sér lágmark 60 mín hreyfingu á dag.
 - Hjólað í vinnuna í maí þar sem allir eru hvattir til að ganga og hjóla til vinnu í amk 20 daga.
 - Fjallgöngur
 - Útitímar
 - Val – hjá elstu nem, þar hefur verið í boði, fjallgöngur, útihlaup, yoga, sjósund, ofl
 - Foreldrar og starfsmenn frekar ánægðir með þetta svo og nemendur.

Í grunnskóladeild er heilsueflandi verkefninu að ljúka

Í leikskóladeild að hefjast

Það sem er í gangi í vetur er lífsleikni og ætti að ljúka í ár.

- *Hvernig má bæta þessa þætti?*
 - Fleiri fyrirlestra eins og með Orra Smárasyni fyrir alla, starfsmenn, foreldra og nemendur
 - Má til dæmis bjóða upp á Hafragraut í öllum deildum á morgnanna í grunnskóladeild kl 09:00
 - Frá nemendum í hópnum, okkur langar ekki endilega að syngja kl 08:10- er til dæmis hægt að hafa sal á öðrum tímum? Svona sem pásu þegar við erum búin að sitja í einn til tvo tíma?
 - Líka frá nemendum, það þarf að bæta talsmáta unglunga og krakka við hvert annað. Þar sem unglungarnir upplifa krakkana þá yngri orðljóta í sinn garð.
- *Hvernig er hægt að vinna með þætti heilsueflandi skóla sameiginlega.*
 1. Sami matur í boði fyrir báðar deildir + ávextir og vatn.



2. Það mætti hvetja alla til að taka þátt í göngum í skólann.
3. Þjóða upp á yoga og hugleiðslu á öllum skólastigum.
4. Nota yoga og hugleiðslu til að ná ró í upphafi kennslutíma og ná þannig betri líðan og einbeitingar nemenda.
5. Vinna með fjaran og fjallið útinám á öllum stigum þar sem við erum fimm mínútur bæði að fara í fjallið og fjöruna.
6. Nota Olweus sem lífsleikni grunn á öllum stigum.
7. Skíða og sleða dagur fyrir alla oftast en einu sinni á vetri.

Bókasafnið

- *Hvaða þjónustu viljum við að bókasafnið veiti?*

Gjaldfrjálst bókasafn.

Opnunartími sé rýmri – Helgaropnun t.d. á laugardögum – lengri opnunartími á virkum dögum.

Að allir finni bækur við sitt hæfi.

Að hægt sé að setja upp allskonar viðburði s.s. hugleiðsluhádegi, allskonar kynningar,

Hafa púsluhorn, námshorn.

Setja upp afdrep fyrir t.d. lestrahópa, fjarnámsnema.

Hafa posa svo hægt sé að greiða með korti.

Fleiri tölvur fyrir gesti.

- *Hverju þarf að huga að og hvað ber að varast?*

Rólegheit á safninu (hljóð fyrir gesti safnsins)

Hafa eyrnatappa fyrir gesti sem vilja vera í friði.

Grjónapúða til að hafa í kosýhorni.

Hafa stórt fiskabúr.

Hafa blóm á safninu

Hafa hengirólu í kosýhorni.

- *Komið með hugmyndir af því hvernig er hægt að þróa samstarf bókasafnsins við leik- grunn- og listadeild Seyðisfjarðarskóla?*

Samstarf leikskóladeildar og bókasafns má t.d. vera með því að öll börnin heimsæki bókasafnið 1x í viku og kynnist safninu. Einnig má vera með ákv. fræðslu í gangi t.d. árstíðabundna eða út frá þema seyðisfjarðarskóla.

Samstarf gunnskóladeildar og bókasafns má vera með því að safnið sé með meiri aðgang á skólatíma. Hafa bækur fyrir alla aldurshópa.

Samstarf listadeildar og bókasafns má t.d. vera með þeim hætti að tónfundir sé í bókasafni og að bókasafnið eigi meira að nótnabókum fyrir nemendur sem eru í Seyðisfjarðarskóla.



Leikskólastarfið

- *Hverjir eru styrkleikar og veikleikar leikskóladeildarinnar?*

Styrkleikar

Ró yfir öllu þegar komið er með börnin á morgnana
Faglegt starf hefur aukist að undanfögnu eftir ákveðna
lægd

Hljóðvist hefur batnað verulega

Almenn ánægja með starfsemi í leikskóladeild

Góð samskipti á milli foreldra og leikskóladeildar.

Veikleikar

Vantar leiktæki fyrir yngstu börnin á útisvæði

Útisvæði er úr sér gengið

Vantar stundum uppá að starfsfólk sem skilar af sér barni í lok dags sé meðvitað um
hvernig dagurinn var hjá barninu

Mörg leikföng og kennslugögn orðin gömul og úr sér gengin

Fábreytni í morgunmat

Þyrfti að auka við þurrskáapláss og/eða nýta betur þá sem fyrir eru

Þarf góðan fyrirvara ef loka á heilan dag eða part úr degi, sbr. kvennafrídag

Ábending til foreldra: Þess sé gætt þegar börn eru sótt að einhver
starfsmaður viti af því að búið sé að sækja

Leikskólalóðin

- *Hvernig er hægt að bæta lóð leikskóladeildar? Skoða út frá umhverfis og náttúruvernd, sjálfbærni og þörfum nemenda?*

Lóðin er barn síns tíma og þarfnast mikilla endurbóta. Svæðið býður uppá
mikla möguleika og allir meðlimir hópsins sáu mjög spennandi tækifæri til að gera lóðina
betri fyrir nemendur og eins aðgengilegri fyrir alla aldurshópa en það vantar góða og
örugga aðstöðu fyrir yngstu nemendurnar.

Girðinguna þarf að endurnýja og sjáum við fyrir okkur að það verði sett upp girðing sem börnin sjá í
gegn um sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur. Það er oft ýmislegt spennandi að gerast í kringum lóðina sem
nemendur í útiveru vilja gjarnan fylgjast með. Samfara endurnýjun girðingar leggjum við til að lóðin verði
stækkuð út á túnið fyrir framan heilsugæsluna sem er lítið nýtt. Að útbúnir verði matjurtagarðar og nemendur
leikskóladeildar taki þátt í að ræktun grænmetis sem nýtt yrði í skólanum. Eins þarf að koma upp skjólgóðu
rólegu svæði sem hægt er að nýta fyrir yngstu börnin sem fara út að sofa í vagni. Eins viljum við að afmarkað
verði svæði fyrir yngstu börnin með leiktækjum við þeirra hæfi, sum leiktækjanna á lóðinni eru einfaldlega of
erfið fyrir yngstu krílin og af því getur skapast hætta. Mögulega mætti afmarka svæðið með lágri girðingu sem
þau sjá yfir.



Eins kom upp hugmynd ef af stækkun lóðar verður að koma upp ærslabelg og sparkvelli og stunda hænsna og mögulega kanínubúskap. Endurnýja þarf flest ef ekki öll leiktæki á lóðinni. Það vaknaði spurning um hvort mögulegt væri að nýta náttúruleg efni til að búa til ný leiktæki, t.d. Mætti skoða leiksvæði sem búið er að útbúa í Kjarnaskógi en það er að miklu eða öllu leyti búið til úr afurðum úr skóginum og virkar mjög skemmtilegt. Eins mætti kannski útbúa litla útikennslustofu á lóðinni, gera leynigöng í gegnum hólinn, setja upp fuglahús, spéspegla, klifurvegg og vatnsleiktæki svo eitthvað sé nefnt. Eins langar börnunum til að geta hlustað á tónlist úti og eins var það rætt hvort hægt væri að koma upp einhverskonar útihljóðfærum, vindhörpum, steinhörpum sem krakkarnir gætu búið til sína eigin tónlist á.

Við teljum það einnig mjög mikilvægt að lóðin sé hreinsuð mjög reglulega og myndum við gjarnan vilja að allir kettir og hundar í hverfinu myndu vera beðnir um að gera þarfir sínar annarsstaðar. **Nú látum við hendur standa fram úr ermum og búum til skemmtilegustu leikskólalóð í heimi**

Námsörvandi umhverfi

- *Hvernig er hægt að bæta námsörvandi umhverfi allra deilda Seyðisfjarðarskóla? Hugmyndir að sameiginlegum þáttum á öllum deildum skólans.*
 - Grundvallaratriði að leiksskóli og grunnskóli séu undir einum hatti.
 - Gott ef listadeild sé hluti af skólanum, í sömu skólabyggingu.
 - Mögulega hvetjandi að taka upp áhugamiðað nám þar sem nemendur velja sér sjálfir verkefni og stýri sjálfir ferlinu.
 - Hafa meira frelsi og bjóða upp á meira val. Leyfa og treysta nemendum til að vera “sérfræðingar”, t.d. með því að sleppa stundaskrá, hafa breytilega stundatöflu eða nemendur setji sjálfir saman stundaskrá.
 - Góður stuðningur frá kennurum og lausnamiðað umhverfi/aðstaður, ekki þarf alltaf að splæsa í dýra skólabúnað, nota það sem er fyrir hendi.
 - Þjálfá gagnrýna hugsun og tileinka sér ákveðna orðræðu eða orðaforða.
 - Nota meira nútímataekni, t.d. spjaldtölvur í staðinn fyrir skólabækur.
 - Byrja skóladaginn seinna, eins og á Egilsstöðum. Kannski bara yfir hávetur.
 - Fjölga verk- og listgreinum.
 - Hafa gróðurhús, innandyra, og rækta plöntur og mat.
 - Dýrarækt, mjög auðvelt að hafa hænur.
 - Meiri plöntur í skólanum og gera vökvaplan þar sem nemendur skiptast á að bera ábyrð á að vökva blómin.
 - Þrifa þarf skólaborð betur, stundum blý sem litar skólabúnað.
 - Alltof margir í einu í frímínútum og ekki allir fá að gera það sem þeir hafa mestan áhuga á, t.d. fara í fótbolta.
 - Stunda mannrækt, hafa reglulega jóga og hugleiðslutíma.
 - Lengja eða auka frídaga.



Sjálfbærni

- *Hvernig getur Seyðisfjarðarskóli orðið sjálfbærari?*

Efnisveita í skólanum fyrir verklega kennslu í stað þess að kaupa nýtt. Fá efni frá endurvinnslu og frá íbúum.

Taka hluti í sundur og læra í leiðinni um það hvernig hlutir eru búnir til.

Pappírslaus skóli, nota ipada í staðin fyrir bækur.

Fræsöfnun og ræktun á t.d. matjurtum

Heilsárs skólagarðar, samtarf allra deilda og t.d. sumarnámsk. eða vinnuskóla.

-Heimilisfræði í maí og ág/sept færi fram í skólagörðum.

-Rækta matvæli fyrir mótuneyti

-Búa til eigin moltu úr lífrænum úrgangi

-Hænur og kanínur

Plastlaus skóli, stáláhöld í staðin, t.d. vatnskönnur

Fjölnota bleyjur á leikskóla í stað einnota sem foreldrar kaupa.

Hætta að nota handþurkur úr pappí og skipta í handþurrkara og handklæði

Breyta hreingerningarefnum í heimatilbúin efni úr matarsóða og ediki

Ýmsar pælingar um rafmagnsframleiðslu, t.d. að vera með heimarafstöð í ánni til að knýja skólann og að hafa hlaupabretti sem framleiðir rafmagn og þreytir órólega nemendur í leiðinni.

Tenging við nærsamfélagið

- *Hvaða leiðir eru bestar til að koma á fastmótuðum samskiptum við nærsamfélagið?*

Bjóða eldri borgurum að koma í skólann svo krakkarnir geti lært af reynslu þeirra.

- T.d segja þeim frá lífinu í gamla daga, kenna þeim að þrjóna, hekla, tefla, spila skera úr laufabrauð og hlusta á börnin lesa osfr.
- Einnig geta krakkarnir kennt eldri borgurum á tæknina, síma, tölvur ipada osfr.
- Fá eldri borgara til að koma í leikskólann og segja börnunum þar sögur og frá lífinu þegar þau voru ung.

Endurvekja unglingadeildina í Björgunarsveitinni með því að fá einhvern úr Ísólfi til að koma í skólann og kynna sveitina og starfið þetta væri hægt að samþætta félagsmiðstöðinni

Bjóða bæjarbúum á viðburði í skólanum.

- Búa til boðskort og senda á hvert heimili. Hægt er að vera með tónleika, upplestur, ljóðalestur, dans ofl.
- Einnig kom sú hugmynd að bjóða eldri borgurum og vera með stöðvar þar sem verið er að gera allskonar. Spila, lesa, fönndra, spjalla osfr.

Bjóða foreldrum í hádegismat einu sinni í viku/ mánuði

- Vera með fjáröflun þar sem nemendur sjá um að elda mat og bjóða bæjarbúum að koma og kaupa af þeim. Einu sinni á önn/ári. Eða bara bjóða bæjarbúum í mat.

Gefa út skólablað.



- Fá einhvern sem hefur reynslu af blaðaúrgáfu að koma og hjálpa krökkunum. Þessu blaði yrði síðan dreift/selt til bæjarbúa.
- Í blaðinu gætu verið auglýsingar og tilkynningar um hina ýmsu viðburði bæði í bænum og skólanum, auk greinaskrifa.

Vera með jólaföndurdag fyrir alla bæjarbúa.

Þingið gekk vel, gestir voru um 60 talsins og góðar umræður mynduðust í hópunum. Umræður og punktar sem bárust skólastjórnendum frá umræðuhópunum verða nýttir til þróunar á starfinu í vetur bæði innan stjórnunarteymisins og starfsmanna alls skólans. Þessi umræða og áframhaldandi vinna við málefnið mun án efa hafa í för með sér jákvæða þróun fyrir skólann okkar og skólasamfélagið. Næsta vetur mun Listadeild Seyðisfjarðarskóla undirbúa og sjá um skólaþingið með stuðning frá öðrum deildum.

Fyrir hönd Seyðisfjarðarskóla

Ásta Guðrún Birgisdóttir

Punktar til að athuga næst:

Athuga að útbúa fyrirfram sniðmát fyrir ritara hópsins

Röðun í hópa þarf að vera ákveðin betur fyrirfram þar sem heldur mikill tími fór í að raá í hópa.